



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 4/2013

Álagning dagsekta á Mosfellsbakarí ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til höfuðstöðva Mosfellsbakarís ehf., kt. 471281-0429 að Háholti 13-15, 270 Mosfellsbæ þann 28. september 2011, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að setja skyldi upp neyðarbjöllu í frystiklefa.
- Að koma skyldi á fót öryggisnefnd með þátttöku tveggja öryggisvarða sem skipaðir eru af atvinnurekanda og tveggja öryggistrúnaðarmanna sem kosnir eru af starfsmönnum og tilkynna Vinnueftirliti ríkisins hverjir voru tilnefndir/kosnir í nefndina.
- Að tryggja að öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn sæki námskeið um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 14 gr. reglugerðar nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum, Staðalsins IST EN 378-1:2008 um kælikerfi og varmadælur (viðauki D) og 6. gr., 14. gr., 21. gr., 24. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að fyrirtækið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til starfstöðvar Mosfellsbakarís ehf., kt. 471281-0429 að Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík þann 4. október 2011, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að yfirfara skyldi sjúkrakassa.
- Að hafa skyldi fyrirbyggjandi öryggisblöð í 16 liðum á íslensku vegna varúðarmerktra efnavara. Ef starfsmenn eru erlendir þarf að upplýsa þá um mögulega hættu sem fylgir notkun efnanna.

- Að geyma skyldi varasöm efni í sérstakri efnageymslum.
- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 6. mgr. 38. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, 3-4. mgr. 5. gr. og 2-3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum, 14. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum og 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að fyrirtækið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin úr báðum ofangreindum skoðunum Vinnueftirlits ríkisins voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem stofnunin sendi Mosfellsbakarí ehf., dags. 24. apríl 2012 og 3. september 2012. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og engar tilkynningar um úrbætur bárust stofnuninni.

Með bréfi dags. 13. maí 2013 var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Mosfellsbakarí ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Engin svör bárust stofnuninni.

II. Niðurstaða

Skv. 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögnum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfært.

Skv. 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Mosfellsbakarí ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Skv. gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 60 starfsmenn hjá Mosfellsbakarí ehf. en fyrirtækið rekur bakarí.

III. Ákvörðunarorð

„Mosfellsbakarí ehf., kt. 471281-0429, hefur brotið gegn 14 gr. reglugerðar nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum, Staðlinum IST EN 378-1:2008 um kælikerfi og varmadælur, 6. gr., 14. gr., 21. gr., 24. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 6. mgr. 38. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, 3-4. mgr. 5. gr. og 2-3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum og 14. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Mosfellsbakarí ehf. Skal fyrirtækið greiða kr. 50.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvarðanir stofnunarinnar frá 28. september og 4. október 2011.”

Vinnueftirlit ríkisins

Björn Þór Rögnvaldsson